

Alþingi
Erindi nr. P 130/249
komudagur 21.11.2003

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

20. nóvember 2003

Umsögn um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (þingsályktunartillaga, 130. löggjafarþing, 19. mál)

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, lýsa yfir stuðningi við efni tillögunnar og vísa til þess að samtökin hafa ályktað um stofnun þjóðgarðs frá Öxarfirði til Ingólfshöfða. Hluti Jökulsár er nú friðlýstur sem þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Mikilvægt er að stækka þann þjóðgarð til norðurs og til suðurs og einnig austur yfir ána.

Vernðargildi landslags Jökulsárs er vel þekkt en í tillögunni er sérstaklega tekið fram að vernda beri vatnasvið Jökulsár. SUNN lýsa yfir sérstökum stuðningi við þann hluta tillögunnar. SUNN telja að samþykkt þessarar tillögu hafi ekki neikvæð áhrif á þá náttúruverndaráætlun sem nú er unnið að og fjallað var á sl. umhverfispingi heldur muni samþykkt hennar styrkja þá áætlun. Undirbúningur friðlýsingar er langt ferli og því mikilvægt að vilji Alþingis komi skýrt í ljós.

Stjórn SUNN í nóvember 2003

S. h. SUNN

Lýna Á Jón

formaður

<hjallholl@isl.is>